

meðallaun sjóðfélaga með vísu til neysluverðs frá og með gildistíma hennar uns fimm ára (60 mánaða) viðmiðun er náð.

## III

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði 36. gr. reglugerðar um Lífeyrissjóð bankamanna skal 2. gr. reglugerðarinnar koma strax til framkvæmda og skal kjörtímabil þeirrar stjórna vera til næsta sjóðfélagafundar.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytinu, 13. nóvember 1997.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

*Áslaug Guðjónsdóttir.*

**AUGLÝSING****um álagningarstofn fasteignaskatts 1998.**

## 1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, sbr. lög nr. 122/1996 um breyting á þeim, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

## 2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri sem ráðuneytið staðfesti hinn 20. nóvember sl. Skráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 655/1997 um nýtt fasteignamat.

## 3. gr.

Með vísun til laga nr. 4/1995 með áorðnum breytingum tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1998 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 668 20. desember 1996.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. desember 1997.*

F. h. r.

**Þórhallur Arason.**

*Björn Hafsteinsson.*